

Nd. **16. Frumvarp til laga** [16. mál]

um breyting á lögum nr. 8 16. febr. 1957, um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Í stað orðanna „einn og hálfan dag“ í 2. gr. laganna komi: einn og þrjú fjórði dagur.

2. gr.

Í stað orðanna „6%“ í 3. gr. laganna komi: 7%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samkomulag það, sem gert var hinn 5. júní s. l., milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21 dag, sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að umrædd lagabreyting verði gerð. Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.